



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2019

ENSK1HA05 Hagnýt enska

Kennarar:	Guðfinna Gunnarsdóttir, Magndís Huld Sigmarsdóttir	Sk.st.	GG, MHS
------------------	---	---------------	----------------

Áfangalýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta. Áhersla er á markvissar hlustunaræfingar og æfingar í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunatriði sem stefnt er að í áfanganum. Kennnd eru undirstöðuatriði í notkun orðabóka.

Undanfari: Einkunn C eða C+ úr grunnskóla

Þekkingarviðmið: (við lok fyrsta þreps)

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og frá eigin brjósti.

Námsefni:

- ✓ Smásögur - efni hjá kennara
- ✓ A Matter of Chance - Hill
- ✓ Málfræði og orðaforði Efni frá kennara og á neti.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil verður birt í kennsluhverfinu.

Sérreglur áfangans:

- ✓ Ætlast er til að nemendur fylgist stöðugt með upplýsingum í kennsluhverfinu, sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og beri ábyrgð á eigin námi.
- ✓ Notkun snjallsíma, spjaldtölva eða annarra tækja í kennslustundum er óheimil nema í tengslum við úrvinnslu verkefna í samráði við kennara.

- ✓ Nemendur skulu mæta stundvíslega í alla tíma, minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint og fylgjast með í Innu.
- ✓ Skilaskylda er á öllum verkefnum. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð viðurkennd forföll komi til (L, V eða W í Innu) og þreyta nemendur þá próf í lok annar. Athugið að þessar reglur gilda einnig um nemendur sem hafa rýmri mætingarreglur og verða þeir að mæta í próf/tímaverkefni. Nemendur sem eru fæddir 1999 eða fyrr ganga frá samningi um mætingar og verkefnaskil í upphafi annar.

Fyrirkomulag námsmats:

Námspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
A Matter Of Chance	Skrifleg verkefni /próf / munnlegt próf og ritunarverkefni	15%
Málfræði og orðaforði	Kaflapróf og próf úr öllum köflum	30%
orðaforði	Skriflegt verkefni	5%
Kvikmyndir	Munnleg kynning	5%
Short stories	Próf úr sögum	15%
Ritun		5%
Verkefnamappa: Í möppuna safna nemendur saman ýmsum sérvöldum verkefnum frá önninni: td. orða- listar og verkefnablöð, ritun og önnur verkefni	Skilað undir lok annar	25%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 16. ágúst 2019

Kennarar: Guðfinna Gunnarsdóttir og Magnús Huld Sigmarsdóttir.